

Fundargerð fundar foreldraráðs leikskólans Sjálands

Fundartími: Miðvikudagur 30. nóvember 2022 kl. 20:30-21:30

Fundarstaður: Te & Kaffi, Garðatorgi

Mættir: Andrea Dan Árnadóttir, Einar B. Árnason, Guðrún Inga Torfadóttir, Helga Lára Grétarsdóttir, Hildur Edda Grétarsdóttir (leikskólastjóri) og Jóhanna Beck Ingibjargardóttir.

Fyrsti fundur foreldraráðs skólaárið 2022-2023. Foreldraráð áætlað að funda fimm til sex sinnum yfir skólaárið. Næsti fundur foreldraráðs verður haldinn í janúar 2023.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1) Efnin á leikskólanum

- a. Foreldraráði er umhugað um þau efni sem notuð eru við þrif og annað í leikskólanum en lítil börn eru sérlega viðkvæm fyrir skaðlegum efnum í umhverfinu. Foreldraráð óskar eftir að þau efni sem keypt eru inn til þrifa verði sýnileg og endurskoðuð ef þess þarf.
- b. Hægt væri að fá fræðslu frá réttum aðila til að fara yfir þessi mál á næsta starfsmannafundi (ilmvötn/ilmefni ofl.) Umhverfisstofnun var t.d. með opinn fyrirlestur í nóvember sl. sem heitir *Efnin í umhverfi barna* sem væri hægt að fara yfir. Einnig hefur Leikskólinn Aðalþing í Kópavogi unnið að þróunarverkefninu *Eiturefnalaus leikskóli* frá því árið 2015 og væri áhugavert að fá að heyra frá þeirri vegferð og stefna að því sama hér á leikskólanum Sjálandi.

2) Eldhúsið, maturinn & matseðlar

- a. Foreldraráð óskar eftir að matseðillinn sé endurskoðaður og gerir m.a. athugasemd við súpuna á mánudögum en hún þykir ekki nægilega saðsöm fyrir börnin. Foreldraráð stingur einnig upp á að taka í burtu morgunkorn (cheerios, hafrakoddar) og kaupa lífrænt haframjöl fyrir morgunmatinn. Að versla sem mest inn lífrænt og án aukaefna er allra hagur þegar upp er staðið. Foreldraráð óskar eftir að innihaldsefni máltíða séu sýnileg og aðgengileg (líkt og Skólamaturlist og Matartíminn eru með á sinni heimasíðu).
- b. Svansvottað eldhús. Að eldhúsið fái svansvottun er vinna sem væri hægt að byrja að skoða.

3) Leikskólafatnaður

- a. Stefna leikskólans er skýr hvað varðar skólaföt. Skólafötin eru talin hafa aukið sjálfstraust margra nemenda, skapað liðsheild og gefið nemendum betra tækifæri til þess að einblína frekar á vinnu sína en fötin.

- b. Foreldraráð óskar eftir að skoða nýjar týpur af buxum/leggings úr bómullarefni. Lindex er t.d. með mjög góðar sem væri hægt að skoða betur.

4) Starfsmannahald

- a. Leikskólinn ekki fullmannaður og vantar að ráða í 2-3 stöðugildi. Stungið var upp á að fá starfsmannaauglýsingar birtar í Garðapóstinum t.d. til að auka sýnileika innan bæjarins.

5) Sundkennsla hjá elstu börnunum

- a. Ekki hefur fengist sundkennari til að sinna sundinu með reglulegum hætti sl. 3 ár ca. en foreldraráð ætlar að fara á stúfana og athuga hvað er hægt að gera.